**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1362** **2023/EES/40/12**

**frá 1. ágúst 2022**

**um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar frammistöðu þungra eftirvagna með tilliti til áhrifa þeirra á koltvísýringslosun, eldsneytisnotkun, orkunotkun og akstursdrægi vélknúinna ökutækja án losunar og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/683** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 frá 18. júní 2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og hreyfla með tilliti til losunar frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 715/2007 og tilskipun 2007/46/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 80/1269/EBE, 2005/55/EB og 2005/78/EB ([1]), einkum fyrstu málsgrein a-liðar 5. gr. c,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB ([2]), einkum 24. gr. (4. mgr.), 36. gr. (4. mgr.), 44. gr. (5. mgr.) og 45. gr. (7. mgr.),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Frammistaða ökutækja í flokkum $O_3$ og $O_4$, að því er varðar áhrif þeirra á koltvísýringslosun, eldsneytisnotkun, raforkunotkun og akstursdrægi vélknúinna ökutækja án losunar, getur verið breytileg með hliðsjón af tæknilegum mæliþáttum þeirra. Skilvirkari eftirvagnar hafa minni viðnámskraft og bæta þannig orkunýtni dráttarbifreiðar. Eftirvagnar með svipaða tæknilega mæliþætti hafa svipuð áhrif á koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun dráttarbifreiðar. Til að endurspegla fjölbreytileika eftirvagnageirans ætti að skipta eftirvögnum í ökutækjayfirhópa með svipaða gerð ökutækis, samskipan ása, leyfilegt hámarksálag á ás og útfærslu undirvagns.

2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2400 ([3]) eru skuldbindingar um vottun og reglur til að ákvarða koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun þungra vélknúinna ökutækja. Ákvörðun eldsneytisnotkunar er byggð á tölvuhermun sem framkvæmdastjórnin hefur þróað VECTO-hermitólið fyrir skv. a-lið 1. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar. Þar sem VECTO-hermitólið getur ekki tekið tillit til áhrifa mismunandi eftirvagna og þar sem enginn hugbúnaður er tiltækur á markaðnum til að meta áhrif eftirvagna á orkunotkun dráttarbifreiða þróaði framkvæmdastjórnin sérstakt hermitól fyrir eftirvagna í þeim tilgangi.

3) Loftnúningsviðnám er einn þeirra krafta sem ökutæki verður að vinna bug á meðan á akstri stendur. Það er vísindalega sannað að notkun viðeigandi búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi á eftirvagni getur dregið umtalsvert úr loftnúningsviðnámi samtengds ökutækis og þar með orkunotkun þess. Því ætti að votta hversu mikið sá búnaður dregur úr loftnúningsviðnámi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 205, 5.8.2022, bls. 145. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 188, 18.7.2009, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 151, 14.6.2018, bls. 1.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2400 frá 12. desember 2017 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar ákvörðun koltvísýringslosunar og eldsneytisnotkunar þungra ökutækja og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB og á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 (Stjtíð. ESB L 349, 29.12.2017, bls. 1).

4) Hermun með tölvuvæddri straumfræði er aðferð sem notuð er til að ákvarða loftnúningsviðnám ökutækis og er hún ódýrari en raunveruleg prófun. Slíka hermun með tölvuvæddri straumfræði má eingöngu nota við vottun búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi ef allir framleiðendur slíks búnaðar nota sömu almennu þrívíðu ökutækjalíkönin við að ákvarða hversu mikið sá búnaður dregur úr loftnúningsviðnámi. Þar sem viðeigandi almenn þrívíð ökutækjalíkön eru ekki fyrir hendi hefur framkvæmdastjórnin þróað þau líkön og gert þau aðgengileg á sérstökum vettvangi án endurgjalds.

5) Framleiðendur ökutækja ættu að meta vistvænleika ökutækja sinna með aðstoð hermitóls, sem framkvæmdastjórnin lætur í té, áður en þessi ökutæki eru sett á markað í Sambandinu. Til að tryggja rétta hermun á vistvænleika ættu viðurkenningaryfirvöld að meta og vakta meðhöndlun gagnanna sem eru notuð við hermunina auk réttrar notkunar á hermitólinu. Í kjölfar þess mats ætti viðurkenningaryfirvaldið að veita hlutaðeigandi framleiðanda ökutækis leyfi til að starfrækja hermitólið.

6) Heimilt er að nota upplýsingar um vistvænleika eftirvagns í tengslum við vegatolla og skattlagningu og ættu þær því að koma fram í skrá framleiðanda yfir skráningar og upplýsingaskrá viðskiptavinar. Til að komast hjá fölsunum ættu framleiðendur ökutækja að nota tól, sem framkvæmdastjórnin lætur í té, til að mynda dulkóðað tæti sem ætti að vera hluti af samræmisvottorði eða vottorði um skráningarviðurkenningu. Heimilt er að nota þetta dulkóðaða tæti til að sýna ósamræmi á milli mismunandi skjala viðkomandi ökutækis. Af sömu ástæðum ætti sama meginreglan um tætingu að gilda um íhluti og vottun þeirra.

7) Til að koma í veg fyrir óþarfa álag fyrir framleiðendur ökutækja og til að fækka árlegum matsprófunum viðurkenningar-yfirvalda ætti að heimila tækniþjónustu að ákvarða vistvænleika ökutækja, sem eru háð skráningarviðurkenningum, með því að nota hermitólið sem framkvæmdastjórnin lætur í té. Handhafar skráningarviðurkenninga ættu því að geta farið fram á það við viðurkenningaryfirvöld að þau vísi handhöfum til tækniþjónustu til að láta meta vistvænleika ökutækja sinna.

8) Til eru íhlutir sem hafa afar mismunandi áhrif á ökukraftvægi ökutækis sem miðast við hönnunarmæliþætti þeirra íhluta. Framleiðendur þeirra íhluta ættu að geta vottað íhluti sína með því að ákvarða orkunýtnieiginleika íhlutanna sjálfra með því að nota eins aðferðir. Framleiðendur ökutækja ættu að nota þau vottuðu gildi sem ílagsgögn fyrir hermitólið til að meta vistvænleika ökutækja. Ef íhlutur er ekki vottaður ættu framleiðendur ökutækja að nota staðalgildi í stað vottaðra gilda.

9) Til að takmarka kostnað við vottun íhluta ættu framleiðendur að hafa möguleika á að flokka íhluti í hópa. Að því er varðar hvern hóp íhluta ætti að prófa íhlutinn sem hefur óhagstæðustu eiginleikana að því er varðar vistvænleika ökutækisins sem setja á hann í og skulu niðurstöðurnar gilda fyrir allan hóp íhlutanna.

10) Ákvæðin, sem sett eru fram í þessari reglugerð, mynda hluta af ramma sem ákvarðaður er með reglugerð (ESB) 2018/858 og kemur til fyllingar ákvæðum um útgáfu samræmisvottorðs og skráningarviðurkenningarvottorðs sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683 ([4]). Því ætti að breyta samsvarandi viðaukum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/683 til fella nauðsynlegar breytingar inn í gerðarviður-kenningaraðferðina.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki sem um getur í 83. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858.

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683 frá 15. apríl 2020 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 að því er varðar stjórnsýslukröfur um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (Stjtíð. ESB L 163, 26.5.2020, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

**GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR**

*1. gr.*

**Gildissvið**

Þessi reglugerð gildir um ökutæki í flokkum $O_3$ og $O_4$, önnur en:

a) ökutæki með aðra yfirbyggingu en kassalaga yfirbyggingu, eins og skilgreint er í 2. lið 2. gr.,

b) ökutæki með tæknilega leyfilegan massa sem er undir 8000 kg,

c) ökutæki með fleiri en þrjá ása,

d) tengda tengivagna og tengda festivagna,

e) hjólafleka,

f) ökutæki sem hafa málsetningar umfram leyfileg hámarksmál sem mælt er fyrir um í E-þætti XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/535 ([5]),

g) ökutæki með drifása.

*2. gr.*

**Skilgreiningar**

Eftirfarandi skilgreiningar gilda:

1) „hermitól“: rafeindatæki sem þróað er á vegum framkvæmdastjórnarinnar og notað til að meta frammistöðu ökutækja í flokkum $O_3$ og $O_4$ að því er varðar áhrif þeirra á koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun vélknúinna ökutækja,

2) „kassalaga yfirbygging“: lokuð yfirbygging sem er óaðskiljanlegur hluti af grind ökutækis og hylur vörurnar sem verið er að flytja auk þess sem henni er úthlutað tölunum 03, 04, 05, 06 eða 32 til viðbótar við kóða yfirbyggingarinnar, í samræmi við töflu 3 í III. viðauka,

3) „tætingartól“: rafeindatæki sem þróað er á vegum framkvæmdastjórnarinnar og kemur á ótvíræðu sambandi á milli vottaðs íhlutar, aðskilinnar tæknieiningar eða kerfis og vottunarskjals þess eða á milli ökutækis og skrá framleiðanda yfir skráningar og upplýsingaskrá viðskiptavinar,

4) „framleiðandi“: einstaklingur eða aðili sem er ábyrgur gagnvart viðurkenningaryfirvaldinu fyrir öllum þáttum viðurkenningarferlisins og fyrir því að tryggja að eiginleikar sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun séu í samræmi við íhluta, aðskildar tæknieiningar og kerfi, óháð því hvort sá einstaklingur eða aðili tengist með beinum hætti öllum þrepum í smíði íhlutarins, aðskildu tæknieiningarinnar eða kerfisins sem á að votta,

5) „framleiðandi ökutækis“: aðili eða einstaklingur sem ber ábyrgð á að gefa út skrá framleiðanda yfir skráningar og upplýsingaskrá viðskiptavinar skv. 8. gr.,

6) „eiginleikar sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun“: sértækir eiginleikar íhlutar, aðskilinnar tæknieiningar og kerfis sem ákvarða áhrif íhlutarins, aðskildu tæknieiningarinnar og kerfisins á koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun ökutækis,

---

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/535 frá 31. mars 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 að því er varðar samræmdar verklagsreglur og tækniforskriftir fyrir gerðarviðurkenningu ökutækja, og kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga sem ætluð eru í slík ökutæki, með tilliti til almennra smíðaeiginleika þeirra og öryggis (Stjtíð. ESB L 117, 6.4.2021, bls. 1).

7) „búnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi“: búnaður, tæki eða samsetning þeirra í tiltekinni útfærslu, sem er hönnuð til að draga úr loftnúningsviðnámi samtengdra ökutækja sem samanstanda a.m.k. af vélknúnu ökutæki og eftirvagni eða festivagni,

8) „almenn lögun (e. *generic geometry*)“: þrívítt líkan sem þróað hefur verið á vegum framkvæmdastjórnarinnar fyrir hermun með tölvuvæddri straumfræði,

9) „skrá framleiðanda yfir skráningar“: skrá sem hermitólið myndar sem inniheldur upplýsingar sem tengjast framleiðanda, skráningu ílagsgagna og ílagsupplýsinga fyrir hermitólið ásamt upplýsingum um frammistöðu ökutækis að því er varðar áhrif þess á koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun vélknúinna ökutækja, og sem er á formi sniðmátsins sem mælt er fyrir um í I. hluta IV. viðauka,

10) „upplýsingaskrá viðskiptavinar“: skrá sem hermitólið myndar sem inniheldur upplýsingar um ökutæki og einnig um frammistöðu ökutækis að því er varðar áhrif þess á koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun vélknúinna ökutækja, og sem er á formi sniðmátsins sem mælt er fyrir um í II. hluta IV. viðauka,

11) „ílagsgögn“: upplýsingar um eiginleika íhlutar, aðskilinnar tæknieiningar eða kerfis sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun sem hermitólið notar til að ákvarða koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun ökutækis,

12) „ílagsupplýsingar“: upplýsingar um eiginleika ökutækis sem hermitólið notar til að ákvarða áhrif þeirra á koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun þess ökutækis, og sem eru ekki hluti af ílagsgögnum,

13) „eining með starfsleyfi“: landsbundið yfirvald sem hefur leyfi frá aðildarríki til að óska eftir viðeigandi upplýsingum frá framleiðendum og framleiðendum ökutækja um eiginleika sértæks íhlutar, sértækrar aðskilinnar tæknieiningar eða sértæks kerfis sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun annars vegar og koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun nýrra ökutækja hins vegar.

II. KAFLI

**ÖKUTÆKJAYFIRHÓPAR, RAFEINDATÆKI OG ALMENN LÖGUN ÖKUTÆKJA**

*3. gr.*

**Ökutækjayfirhópar**

Framleiðendur ökutækja skulu flokka ökutæki sín í ökutækjayfirhópa í samræmi við 2. lið I. viðauka.

*4. gr.*

**Rafeindatæki**

1. Framleiðendur ökutækja skulu nota eftirfarandi rafeindatæki, sem framkvæmdastjórnin lætur í té án endurgjalds, í formi keyranlegs hugbúnaðar sem unnt er að hala niður:

a) hermitól,

b) tætingartól.

Framkvæmdastjórnin skal viðhalda rafeindatækjunum og sjá um breytingar og uppfærslur á þeim tækjum.

2. Framkvæmdastjórnin skal gera rafeindatækin, sem um getur í 1. mgr., aðgengileg með sérstöku rafrænu dreifingarkerfi sem er aðgengilegt öllum.

III. KAFLI

## LEYFI TIL AÐ NOTA HERMITÓLIÐ VIÐ GERÐARVIÐURKENNINGU

*5. gr.*

### Umsókn um leyfi til að nota hermitólið til að meta frammistöðu nýrra ökutækja að því er varðar áhrif þeirra á koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun

1. Framleiðendur ökutækja skulu leggja umsókn fyrir viðurkenningaryfirvaldið um leyfi til að nota hermitólið til að meta frammistöðu nýrra ökutækja að því er varðar áhrif þeirra á koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun.

2. Framleiðendur ökutækja skulu leggja leyfisumsóknina til að nota hermitólið fyrir viðurkenningaryfirvaldið með því að nota sniðmátið sem sett er fram í 1. viðbæti II. viðauka.

Eftirfarandi skal fylgja umsókn um leyfi til að nota hermitólið:

a) ítarleg lýsing á ferlunum sem um getur í 1. lið II. viðauka:

b) matið sem um getur í 2. lið II. viðauka.

3. Framleiðendur ökutækja skulu leggja fram umsókn um leyfi til að nota hermitólið í síðasta lagi samhliða umsókn um gerðarviðurkenningu eða skráningarviðurkenningu viðkomandi ökutækis.

*6. gr.*

### Stjórnsýsluákvæði varðandi leyfisveitingu til að nota hermitólið

1. Viðurkenningaryfirvaldið skal veita leyfi til að notað hermitólið ef hlutaðeigandi framleiðandi ökutækis leggur fram umsókn í samræmi við 5. gr. og sýnir fram á að öll ferli hafi verið innleidd í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. lið II. viðauka.

2. Leyfið skal gefið út á formi sniðmátsins sem er sett fram í 2. viðbæti II. viðauka.

*7. gr.*

### Síðari breytingar á ferlum sem voru innleidd til að meta frammistöðu nýrra ökutækja að því er varðar áhrif þeirra á koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun

1. Framleiðendur ökutækja skulu tafarlaust tilkynna viðurkenningaryfirvaldinu um allar breytingar sem þeir gera á ferlunum sem þeir innleiða til að meta frammistöðu nýrra ökutækja að því er varðar áhrif þeirra á koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun og sem falla undir leyfið til að nota hermitólið, ef slíkar breytingar kunna að hafa áhrif á nákvæmni, áreiðanleika eða stöðugleika þessara ferla.

2. Við móttöku tilkynningarinnar, sem um getur í 1. mgr., skal viðurkenningaryfirvaldið upplýsa hlutaðeigandi framleiðanda ökutækis um það hvort breyttir ferlar falli áfram undir leyfið sem er veitt skv. 6. gr.

3. Ef breytingarnar, sem um getur í 1. mgr., falla ekki undir leyfið til að nota hermitólið skulu framleiðendur ökutækja, innan eins mánaðar frá móttöku upplýsinganna sem um getur í 2. mgr., sækja um nýtt leyfi í samræmi við 5. gr. Viðurkenningaryfirvaldið skal afturkalla leyfið ef framleiðandi ökutækis sækir ekki um nýtt leyfi eða ef umsókn um nýtt leyfi er synjað.

IV. KAFLI

**NOTKUN HERMITÓLS**

*8. gr.*

**Skuldbinding til að meta frammistöðu nýrra ökutækja að því er varðar áhrif þeirra á koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun**

1. Framleiðendur ökutækja skulu nota nýjustu fyrirliggjandi útgáfu hermitólsins til að ákvarða frammistöðu nýrra ökutækja, sem á að selja, skrá eða taka í notkun í Sambandinu, að því er varðar áhrif þeirra á koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun.

2. Framleiðendur ökutækja skulu skrá niðurstöður hermunarinnar, sem framkvæmd er með hermitólinu, í skrá framleiðanda yfir skráningar.

Hvers konar breytingar á skrá framleiðanda yfir skráningar skulu bannaðar, nema í þeim tilvikum sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. 21. gr. og 3. mgr. 23. gr.

3. Framleiðendur ökutækja skulu nota tætingartólið til að mynda dulkóðað tæti af skrá framleiðanda yfir skráningar og upplýsingaskrá viðskiptavinar.

4. Með hverju ökutæki sem á að skrá, selja eða setja í notkun skal fylgja upplýsingaskrá viðskiptavinar.

Hver upplýsingaskrá viðskiptavinar skal innihalda þrykk af dulkóðuðu tæti af skrá framleiðanda yfir skráningar.

5. Með hverju ökutæki sem á að skrá, selja eða setja í notkun skal fylgja samræmisvottorð eða, ef um er að ræða ökutæki sem viðurkennd eru í samræmi við 44. eða 45. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858, vottorð um skráningarviðurkenningu, þ.m.t. þrykk af dulkóðuðu tæti af skrá framleiðanda yfir skráningar og upplýsingaskrá viðskiptavinar.

6. Þrátt fyrir 1.–5. mgr. geta framleiðendur ökutækja, sem sækja um skráningarviðurkenningar fyrir ökutæki sem tilheyra viðkomandi ökutækjayfirhópum, í síðasta lagi samhliða umsókn um skráningarviðurkenningu, óskað eftir því við viðurkenningaryfirvaldið að tilnefnd tækniþjónusta framkvæmi mat á frammistöðu þeirra ökutækja að því er varðar áhrif þeirra á koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun. Beiðnin skal innihalda ílagsgögnin og ílagsupplýsingarnar sem um getur í sniðmátinu sem sett er fram í 1. viðbæti III. viðauka. Framleiðandi ökutækis skal útvega tilnefndu tækniþjónustunni ílagsgögn og ílagsupplýsingar um íhlutina, sem eru vottaðir í samræmi við 1. mgr. 11. gr., á formi XML-skráa.

7. Þrátt fyrir 1.–5. mgr. geta framleiðendur ökutækja, sem eru handhafar gerðarviðurkenningar og með ársframleiðslu undir 30 ökutækjum sem tilheyra viðkomandi ökutækjayfirhópum, óskað eftir því við tilnefnda tækniþjónustu að hún framkvæmi hermunina vegna mats á frammistöðu þeirra ökutækja að því er varðar áhrif þeirra á koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun. Beiðnin fyrir hvert ökutæki skal innihalda ílagsgögnin og ílagsupplýsingarnar sem um getur í sniðmátinu sem er sett fram í 1. viðbæti III. viðauka. Framleiðandi ökutækis skal útvega tilnefndu tækniþjónustunni ílagsgögn og ílagsupplýsingar um íhlutina, sem eru vottaðir í samræmi við 1. mgr. 11. gr., á formi XML-skráa.

8. Að því er varðar 6. og 7. mgr. skulu viðurkenningaryfirvöld tilnefna tækniþjónustu til að nota hermitólið og útbúa skrá framleiðanda yfir skráningar og upplýsingaskrá viðskiptavinar.

*9. gr.*

**Breytingar og uppfærslur á hermi- og tætingartólinu sem og bilanir þeirra**

1. Ef um er að ræða breytingar eða uppfærslur á hermitólinu skulu framleiðendur ökutækja hefja notkun á breytta eða uppfærða hermitólinu eigi síðar en þremur mánuðum eftir að breytingar og uppfærslur hafa verið gerðar aðgengilegar í sérstaka rafræna dreifingarkerfinu.

2. Ef ekki er unnt að meta frammistöðu nýrra ökutækja að því er varðar áhrif þeirra á koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun vegna bilunar í hermitólinu skulu framleiðendur ökutækja tilkynna framkvæmdastjórninni um það án tafar með því að nota sérstaka rafræna dreifingarkerfið.

3. Ef ekki er unnt að meta frammistöðu nýrra ökutækja að því er varðar áhrif þeirra á koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun vegna bilunar í hermitólinu skulu framleiðendur ökutækja framkvæma hermun fyrir þau ökutæki eigi síðar en sjö almanaksdögum eftir að breytingar og uppfærslur hafa verið gerðar aðgengilegar í sérstaka rafræna dreifingarkerfinu. Þar til breytingarnar eða uppfærslurnar eru aðgengilegar skulu skuldbindingarnar, sem mælt er fyrir um í 8. gr., felldar tímabundið úr gildi fyrir þau ökutæki sem ekki er unnt að ákvarða frammistöðu fyrir að því er varðar áhrif þeirra á koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun.

*10. gr.*

**Aðgengileiki ílagsgagna og frálagsupplýsinga hermitóls**

1. Framleiðendur ökutækja eða, ef tækniþjónusta framkvæmir hermun, ábyrgir aðilar sem aðildarríki tilnefnir skulu varðveita skrá framleiðanda yfir skráningar og vottorð um eiginleika sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun íhluta, kerfa og aðskilinna tæknieininga í 10 ár frá framleiðslu ökutækisins eða viðurkenningu þess, eftir því sem við á.

2. Framleiðendur ökutækja eða ábyrgir aðilar, sem um getur í 1. mgr., skulu, að beiðni einingar aðildarríkis með starfsleyfi eða framkvæmdastjórnarinnar, leggja skrá framleiðanda yfir skráningar og vottorð um eiginleika sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun íhluta, kerfa og aðskilinna tæknieininga, fyrir þá einingu eða framkvæmdastjórnina innan 15 virkra daga.

3. Að beiðni einingar með starfsleyfi eða framkvæmdastjórnarinnar skal viðurkenningaryfirvaldið, sem veitti leyfið til að nota hermitólið í samræmi við 6. gr. eða sem vottaði eiginleika íhlutar, aðskilinnar tæknieiningar eða kerfis sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun í samræmi við 17. gr., afhenda þeirri einingu eða framkvæmdastjórninni umsóknina um leyfi til að nota hermitólið, sem um getur í 2. mgr. 5. gr., eða umsóknina um vottun eiginleika sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun sem um getur í 2. mgr. 16. gr., eftir því sem við á, innan 15 virkra daga.

V. KAFLI

**EIGINLEIKAR BÚNAÐAR OG HJÓLBARÐA SEM DRAGA ÚR LOFTNÚNINGSVIÐNÁMI OG TENGJAST KOLTVÍSÝRINGSLOSUN OG ELDSNEYTISNOTKUN**

*11. gr.*

**Íhlutir, aðskildar tæknieiningar og kerfi sem skipta máli til að meta frammistöðu nýrra ökutækja að því er varðar áhrif þeirra á koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun**

1. Ílagsgögn hermitólsins skulu innihalda gögn um eiginleika eftirfarandi íhluta, aðskilinna tæknieininga og kerfa sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun:

a) búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi,

b) hjólbarða.

2. Framleiðendur ökutækja skulu byggja eiginleika búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi og tengist koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun, á gildum sem eru ákvörðuð fyrir hvern hóp búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi, í samræmi við 13. gr., og hefur að geyma þá eiginleika sem eru vottaðir í samræmi við 17. gr. Án slíkrar ákvörðunar og vottunar skulu framleiðendur ökutækja byggja eiginleika búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun, á staðalgildum sem eru ákvörðuð í samræmi við 12. gr.

3. Framleiðendur ökutækja skulu byggja eiginleika hjólbarða sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun á vottuðum gildum eða staðalgildum sem eru ákvörðuð skv. 12. og 13. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2400.

4. Ef skrá á, selja eða setja í notkun ný ökutæki með heilum umgangi af snjóhjólbörðum og heilum umgangi af stöðluðum hjólbörðum geta framleiðendur ökutækja valið hvor hjólbarðategundin er notuð til að meta frammistöðu nýrra ökutækja að því er varðar áhrif þeirra á koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun.

*12. gr.*

**Staðalgildi**

Hermitólið skal ákvarða staðalgildin fyrir búnað sem dregur úr loftnúningsviðnámi og úthluta þeim sjálfvirkt með því að nota mæliþættina sem mælt er fyrir um í 6. viðbæti V. viðauka.

*13. gr.*

**Vottuð gildi**

Vottuð gildi fyrir búnað sem dregur úr loftnúningsviðnámi skulu ákvörðuð í samræmi við 3. lið V. viðauka.

*14. gr.*

**Almenn lögun ökutækja**

1. Við ákvörðun gagna búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi, sem tilgreind eru í V. viðauka, skulu framleiðendur slíks búnaðar nota eftirfarandi almenna lögun:

a) almenn lögun fyrir 4 x 2 dráttartæki,

b) almenn lögun fyrir 4 x 2 dráttartæki að því er varðar rúmtaksmiðaða festivagna,

c) almenn lögun fyrir 4 x 2 óliðskiptar vöruflutningabifreiðar,

d) almenn lögun fyrir 6 x 2 óliðskiptar vöruflutningabifreiðar,

e) almenn lögun festivagns,

f) almenn lögun rúmtaksmiðaðra festivagna,

g) almenn lögun tengivagns,

h) almenn lögun rúmtaksmiðaðra tengivagna,

i) almenn lögun eftirvagna með miðlægum ási,

j) almenn lögun rúmtaksmiðaðra eftirvagna með miðlægum ási,

k) almenn lögun afturflapa,

l) almenn lögun hliðarhlífa festivagna.

2. Framkvæmdastjórnin skal gera almennu lögunina, sem um getur í 1. mgr., aðgengilega án endurgjalds á .igs-, .step- og .stl-skráasniðinu sem unnt er að hala niður með því að nota sérstaka rafræna dreifingarkerfið sem er aðgengilegt öllum.

*15. gr.*

**Hóphugtak fyrir búnað sem dregur úr loftnúningsviðnámi og notar vottuð gildi**

1. Vottuð gildi, sem eru ákvörðuð fyrir stofnbúnað sem dregur úr loftnúningsviðnámi, skulu gilda fyrir öll eintök í hópi þess búnaðar í samræmi við viðmiðanir hópsins sem eru settar fram í 4. viðbæti V. viðauka.

2. Eiginleikar stofnbúnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun skulu ekki vera betri en eiginleikar eintaka innan sama hóps búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi.

3. Framleiðendur búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi skulu láta viðurkenningaryfirvaldinu í té gögn um að stofnbúnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi sé að öllu leyti dæmigerður fyrir hóp búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi.

4. Óski framleiðandi búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi eftir því, með fyrirvara um samþykki viðurkenningaryfirvalds, er honum heimilt að tilgreina á vottorði fyrir hóp búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi, að undanskildum stofnbúnaði sem dregur úr loftnúningsviðnámi, eiginleika hans sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun.

Eiginleikar búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu ákvarðaðir í samræmi við 3. lið V. viðauka.

5. Ef eiginleikar búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun, sem eru ákvarðaðir í samræmi við 4. mgr., leiða til lakari frammistöðu ökutækisins að því er varðar koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun en hjá stofnbúnaði sem dregur úr loftnúningsviðnámi, skulu framleiðendur viðkomandi búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi undanskilja þann búnað fyrirliggjandi hópi eða sækja um framlengingu á vottuninni í samræmi við 18. gr.

*16. gr.*

**Umsókn um vottun eiginleika búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi, og hópa hans, sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun**

1. Framleiðendur búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi skulu leggja fyrir viðurkenningaryfirvald umsókn um vottun eiginleika þessa búnaðar sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun eða viðkomandi hópa hans.

2. Umsókn um vottunina, sem um getur í 1. mgr., skal vera á formi sniðmátsins sem sett er fram í 2. viðbæti V. viðauka.

Eftirfarandi skal fylgja þeirri umsókn:

a) skýring á hönnunarþáttum búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi sem hafa umtalsverð áhrif á eiginleika sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytis- og orkunotkun búnaðarins,

b) fullgildingarskýrsla, eins og tilgreint er í 3. lið V. viðauka,

c) tækniskýrsla ásamt niðurstöðum úr tölvuhermun eins og tilgreint er í 3. lið V. viðauka,

d) upplýsingamappa fyrir rétta uppsetningu búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi,

e) samræmisyfirlýsing sem er gefin út skv. 2. lið IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858.

3. Breytingar á búnaði sem dregur úr loftnúningsviðnámi sem eiga sér stað eftir vottun skulu ekki ógilda vottunina nema upphaflegum eiginleikum hans eða tæknilegum mæliþáttum sé breytt þannig að það hafi áhrif á eiginleika sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun viðkomandi búnaðar.

*17. gr.*

**Vottun eiginleika búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun**

1. Ef kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 13. gr., eru uppfylltar, skulu viðurkenningaryfirvöld votta gildin fyrir eiginleika sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun hóps búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi og gefa út vottorð á formi sniðmátsins sem er sett fram í 1. viðbæti V. viðauka.

2. Viðurkenningaryfirvöld skulu úthluta vottunarnúmeri í samræmi við númerakerfið sem sett er fram í 3. viðbæti V. viðauka.

Viðurkenningaryfirvöld skulu ekki úthluta neinum tveimur hópum búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi sama vottunarnúmerinu. Nota skal vottunarnúmerið sem auðkenni tækniskýrslunnar.

3. Viðurkenningaryfirvöld skulu mynda dulkóðað tæti af skránni, sem inniheldur niðurstöður úr tölvuhermuninni sem um getur í c-lið 2. mgr. 16. gr., og vottunarnúmer með aðstoð tætingartólsins. Tætingin skal eiga sér stað um leið og niðurstöður úr tölvuhermuninni liggja fyrir. Viðurkenningaryfirvöld skulu þrykkja dulkóðaða tætinu ásamt vottunarnúmerinu á vottorðið um eiginleikana sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun.

*18. gr.*

**Rýmkun ákvæða til að fella búnað sem dregur úr loftnúningsviðnámi inn í hóp búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi**

1. Að beiðni framleiðanda búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi, og að fengnu samþykki hlutaðeigandi viðurkenningaryfirvalds, má fella nýjan búnað sem dregur úr loftnúningsviðnámi inn í hóp búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi ef sá búnaður uppfyllir viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í 4. viðbæti V. viðauka, en í slíku tilviki skal viðurkenningaryfirvaldið gefa út endurskoðað vottorð sem er merkt með rýmkunarnúmeri.

Hlutaðeigandi framleiðendur búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi skulu breyta upplýsingaskjalinu, sem um getur í 2. mgr. 16. gr., til samræmis við það og leggja það fyrir viðurkenningaryfirvaldið.

2. Ef eiginleikar búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun, sem um getur í 1. mgr., eru lakari en í tilviki stofnbúnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi, verður nýi búnaðurinn sem dregur úr loftnúningsviðnámi hinn nýi stofnbúnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi.

*19. gr.*

**Breytingar sem skipta máli fyrir vottun eiginleika búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun**

1. Framleiðendur búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi skulu tilkynna viðurkenningaryfirvaldinu um hvers konar breytingar á hönnun eða framleiðsluferli búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi sem eiga sér stað eftir vottunina sem um getur í 17. gr. og sem hafa umtalsverð áhrif á frammistöðu með tilliti til koltvísýringslosunar og eldsneytisnotkunar ökutækis með þann búnað.

2. Við móttöku tilkynningarinnar, sem um getur í 1. mgr., skal viðurkenningaryfirvaldið upplýsa hlutaðeigandi framleiðanda um hvort búnaðurinn sem dregur úr loftnúningsviðnámi, sem breytingarnar hafa áhrif á, falli áfram undir útgefið vottorð, eða hvort þörf sé á tölvuhermun í samræmi við 13. gr.

3. Ef búnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi, sem breytingarnar hafa áhrif á, fellur ekki undir vottorðið, sem um getur í 1. mgr. 17. gr., skal hlutaðeigandi framleiðandi sækja um nýtt vottorð eða rýmkun þess vottorðs, skv. 1. mgr. 18. gr., innan eins mánaðar eftir móttöku þeirra upplýsingu frá viðurkenningaryfirvaldinu.

Ef framleiðendur búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi sækja ekki um nýja vottun eða endurskoðun innan þess frests, eða ef umsókninni er synjað, skulu samþykkisyfirvöld afturkalla vottorðið.

VI. KAFLI

**SAMRÆMI Í NOTKUN HERMITÓLS, ÍLAGSUPPLÝSINGA OG ÍLAGSGAGNA**

*20. gr.*

**Ábyrgð ökutækjaframleiðanda, viðurkenningaryfirvalds og framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar samræmi hermitólsnotkunar**

1. Framleiðendur ökutækja skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að ferlin, sem eru innleidd til að meta frammistöðu ökutækis að því er varðar áhrif þess á koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun vélknúinna ökutækja sem falla undir leyfið sem veitt er skv. 6. gr., séu áfram fullnægjandi í þeim tilgangi.

2. Viðurkenningaryfirvöld skulu árlega framkvæma matið, sem um getur í 2. lið II. viðauka, til að sannprófa hvort ferlin, sem framleiðendur ökutækja innleiða í þeim tilgangi að meta frammistöðu ökutækis að því er varðar áhrif þess á koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun vélknúinna ökutækja, séu áfram fullnægjandi og til að sannprófa valið á ílagsupplýsingum og ílagsgögnum og endurtekningar á hermunum sem framleiðandi ökutækis framkvæmir.

Viðurkenningaryfirvöldum er heimilt að framkvæma matið oftar en einu sinni á ári, en ekki oftar en fjórum sinnum á ári, telji þau að slíkt mat sé réttlætanlegt.

*21. gr.*

**Ráðstafanir til úrbóta til að samræma notkun hermitóls**

1. Ef viðurkenningaryfirvöld komast að þeirri niðurstöðu, skv. 2. mgr. 20. gr., að ferlin, sem framleiðandi ökutækis hefur innleitt til að meta frammistöðu ökutækis að því er varðar áhrif þess á koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun vélknúinna ökutækja, séu ekki í samræmi við leyfið, eða að þau kunni að leiða til rangs mats á frammistöðu viðkomandi ökutækja, skulu þau krefjast þess að framleiðandi ökutækis leggi fram áætlun um ráðstafanir til úrbóta eigi síðar en einum mánuði eftir móttöku beiðninnar frá viðurkenningaryfirvaldinu. Viðurkenningaryfirvöldum er heimilt að framlengja tímabilið um allt að einn mánuð ef framleiðandi ökutækis sýnir fram á að þörf sé á lengri tíma til að leggja fram áætlun um ráðstafanir til úrbóta.

2. Viðurkenningaryfirvöld skulu samþykkja eða synja áætlun um ráðstafanir til úrbóta, sem um getur í 1. mgr., innan eins mánaðar frá móttöku hennar. Viðurkenningaryfirvöld skulu tilkynna hlutaðeigandi framleiðanda ökutækis og öllum hinum aðildarríkjunum um ákvörðun sína.

Viðurkenningaryfirvöldum er heimilt að krefjast þess að framleiðendur ökutækja gefi út nýja skrá framleiðanda yfir skráningar, upplýsingaskrá viðskiptavinar, vottorð um skráningarviðurkenningu og samræmisvottorð á grundvelli nýs mats á frammistöðu ökutækis að því er varðar áhrif þess á koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun sem endurspeglar breytingar sem framkvæmdar eru í samræmi við samþykkta áætlun um ráðstafanir til úrbóta sem um getur í 1. mgr.

3. Framleiðandi ökutækis skal bera ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar um ráðstafanir til úrbóta sem um getur í 1. mgr.

4. Hafi viðurkenningaryfirvaldið synjað áætlun um ráðstafanir til úrbóta, sem um getur í 1. mgr., eða hafi viðurkenningaryfirvaldið sýnt fram á að ráðstöfunum til úrbóta er ekki beitt á réttan hátt skal það gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja samræmda notkun hermitólsins eða afturkalla leyfið.

*22. gr.*

**Ábyrgð framleiðanda og viðurkenningaryfirvaldsins að því er varðar samræmi eiginleika búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun**

Framleiðendur búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, í samræmi við 3. lið IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858 til að tryggja að eiginleikar búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun, sem um getur í a-lið 1. mgr. 11. gr. og sem hafa fengið vottun í samræmi við 17. gr., víki ekki frá vottuðum gildum.

*23. gr.*

**Ráðstafanir til úrbóta með hliðsjón af samræmi eiginleika búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun**

1. Viðurkenningaryfirvöld sem komast að þeirri niðurstöðu skv. 20. og 21. gr. að ráðstafanirnar, sem framleiðandinn hefur gert til að tryggja samræmi búnaðarins sem dregur úr loftnúningsviðnámi, sem um getur í a-lið 1. mgr. 11. gr. og vottaður í samræmi við 17. gr., séu ekki viðunandi skulu fara fram á það við framleiðanda þessa búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi að hann leggi fram áætlun um aðgerðir til úrbóta eigi síðar en einum mánuði eftir að honum berst beiðnin. Viðurkenningaryfirvöldum er heimilt að framlengja tímabilið um allt að einn mánuð ef framleiðandi þessa búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi sýnir fram á að þörf sé á lengri tíma til að leggja fram áætlun um ráðstafanir til úrbóta.

2. Áætlunin um ráðstafanir til úrbóta skal gilda um allan búnað sem dregur úr loftnúningsviðnámi eða, ef við á, um viðeigandi hópa hans sem viðurkenningaryfirvaldið hefur tilgreint í beiðni sinni.

3. Viðurkenningaryfirvöld skulu samþykkja eða synja áætlun um ráðstafanir til úrbóta innan eins mánaðar frá móttöku hennar. Viðurkenningaryfirvöld skulu tilkynna framleiðanda búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi og öllum hinum aðildarríkjunum um ákvörðun sína um að samþykkja eða synja áætlun um ráðstafanir til úrbóta.

Viðurkenningaryfirvöldum er heimilt að krefja framleiðendur ökutækja, sem settu upp búnað sem dregur úr loftnúningsviðnámi í ökutæki sín, um að gefa út nýja skrá framleiðanda yfir skráningar, upplýsingaskrá viðskiptavinar, vottorð um skráningarviðurkenningu ökutækis og samræmisvottorð á grundvelli eiginleika þessa búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun, sem fást með þeim ráðstöfunum sem um getur í 22. gr.

4. Framleiðendur viðkomandi búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi skulu bera ábyrgð á framkvæmd samþykktu áætlunarinnar um ráðstafanir til úrbóta.

5. Framleiðendur viðkomandi búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi skulu halda skrá yfir sérhvern búnað sem dregur úr loftnúningsviðnámi sem er innkallaður, sem gert er við eða breytt og yfir það hvaða verkstæði framkvæmdi viðgerðina. Meðan á framkvæmd áætlunar um ráðstafanir til úrbóta stendur skulu viðurkenningaryfirvöld hafa aðgang að þeim skrám og í 5 ár að henni lokinni, sé þess óskað.
3.4.2. Nýtnihlutfall – miðað við tonnkílómetra (-)...

3.4.3. Nýtnihlutfall – miðað við m$^3$-kílómetra (-)...

4. **Hugbúnaðarupplýsingar**

4.1. Útgáfa hermitóls (X.X.X)...

4.2. Dagsetning og tími hermunar

4.3. Dulkóðað tæti af skrá framleiðanda yfir skráningar ...

4.4. Dulkóðað tæti af upplýsingaskrá viðskiptavinar ...

______

*V. VIÐAUKI*

**GÖGN UM LOFTMÓTSTÖÐU ÖKUTÆKIS**

**Ákvörðun gagna búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi**

1. INNGANGUR

Í þessum viðauka er sett fram aðferðin til að ákvarða gögn búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi

2. SKILGREININGAR

1) Staðlaður búnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi er búnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi þar sem nota má staðalgildi við vottun ökutækis. Staðlaður búnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi getur falið í sér eftirfarandi einingar:

   a) „afturflapar“: búnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi sem samanstendur af tveimur eða fleiri straumlínulaga hlífum sem eru staðsettar á afturhluta ökutækis með það að markmiði að draga úr iðukasti þess,

   b) „stuttir afturflapar“: afturflapar þar sem hliðarplötur eru a.m.k. tveir metrar að lengd og þekja ekki heildarhæð yfirbyggingarinnar,

   c) „háir afturflapar (TRF)“: afturflapar þar sem hliðarplötur þekja heildarhæð yfirbyggingarinnar með ±3% vikmörk af heildarhæð yfirbyggingarinnar,

   d) „hliðarhlífar“: búnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi sem samanstendur af plötum á neðri hlið ökutækis með það að markmiði að draga úr áhrifum hliðarvinds og/eða vindókyrrðar, sem hjólin mynda, á loftmótstöðu,

   e) „stuttar hliðarhlífar“: hliðarhlífar sem ná ekki yfir hjólasvæðið; ef um er að ræða festivagna ná þær aðeins frá stoðfæti að fyrsta hjóli,

   f) „langar hliðarhlífar (LSC)“: hliðarhlífar sem ná frá stoðfæti festivagns að afturhluta ökutækis.

2) „CFD“ (e. *computational fluid dynamics*): hermun með tölvuvæddri straumfræði sem er notuð við greiningu á flóknum straumfyrirbærum.

3. ÁKVÖRÐUN Á MINNKUN LOFTMÓTSTÖÐU MEÐ SÝNDAR-CFD-PRÓFUNUM

3.1. **Fullgilding CFD-aðferðarinnar**

Á grundvelli fullgildingarferlisins, eins og tilgreint í 3. viðbæti VIII. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858, skal gerð sú krafa, vegna vottunar búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi með því að nota CFD-aðferðina, að CFD-aðferðin hljóti fullgildingu með því að bera hana saman við CFD-viðmiðunaraðferð eins og sýnt er á mynd 1.

Beita skal CFD-aðferðinni, sem á að fullgilda, á mengi almennrar lögunar.

*Mynd 1*

**Fullgildingarferli CFD-aðferðarinnar**




Sýna skal fram á samanburðarhæfi niðurstaðna úr tölvuhermun. Framleiðandi búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi eða tækniþjónustan skal semja drög að fullgildingarskýrslu og leggja hana fyrir viðurkenningaryfirvaldið.

Athygli viðurkenningaryfirvaldsins skal vakin á sérhverri breytingu á CFD-aðferðinni eða hugbúnaðinum, sem er notaður, sem líklegt er að ógildi fullgildingarskýrsluna og krefjist þess að nýtt fullgildingarferli fari fram.

Að lokinni fullgildingu skal aðferðin notuð við vottun búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi.

3.2. **Kröfur fyrir fullgildingu CFD-aðferðarinnar**

Fullgildingarferlið skal fela í sér þrjár mismunandi CFD-hermanir sem hér segir:

a) Grunnmengi (til viðmiðunar):

— Almennt 4 x 2 dráttartæki

— Almennur festivagn ST1

b) TRF-mengi (e. *tall rear flap*):

— Almennt 4 x 2 dráttartæki

— Almennur festivagn ST1

— Almennir háir afturflapar

c) LSC-mengi (e. *long side covers*):

— Almennt 4 x 2 dráttartæki

— Almennur festivagn ST1

— Almennar langar hliðarhlífar

Hermun skal framkvæmd á hverju mengi þar sem β = 0,0, 3,0 og 6,0 gráðu geighorn til að taka mið af áhrifum hliðarvinds frá vinstri hlið ökutækis, eins og sýnt er á mynd 2.

*Mynd 2*

**β-geighorn**




Líkan fyrir þrýstingsfall varmaskipta skal vera samkvæmt jöfnu [1]:

$$\frac{dp}{dx} = -(P_i \cdot v^2 + P_v \cdot v) \text{ [1]}$$

þar sem reiknistuðlar fyrir hver varmaskipti skulu tilgreindir í töflu 1.

*Tafla 1*

**Viðnámsstuðlar fyrir gropin efni**

| Reiknistuðull | Þéttir | Hleðsluloftkælir | Kælir |
|---|---|---|---|
| Tregðuviðnám ($P_i$) [kg/m$^4$] | 140,00 | 60,00 | 120,00 |
| Seigjuviðnám ($P_v$) [kg/m$^3$s] | 450,00 | 300,00 | 450,00 |

CFD-hermun skal uppfylla kröfurnar sem eru tilgreindar í töflu 2. Sýna skal viðurkenningaryfirvaldinu fram á að CFD-hermun uppfylli lágmarkskröfur.

*Tafla 2*

**Lágmarkskröfur fyrir CFD-hermun**

| Reitur | Gildi | Athugasemdir |
|---|---|---|
| Hraði ökutækis | 25,00 m/s | Notaður sem viðmiðunarhraði viðnámsstuðuls. |
| Framhlið ökutækis | 10,047 m$^2$ | Notuð sem viðmiðunarsvæði viðnámsstuðuls. |
| Framhjól dráttartækis. Lóðrétt fjarlægð frá snúningsás að jörð. | 527,00 mm | |
| Afturhjól festivagns. Lóðrétt fjarlægð frá snúningsás að jörð. | 514,64 mm | |
| Málsetningar hermisvæðis: lengd | Lengd ≥ 145,00 m | |
| Málsetningar hermisvæðis: breidd | Breidd ≥ 75,00 m | |
| Málsetningar hermisvæðis: hæð | Hæð ≥ 25,00 m | |

| | | |
|---|---|---|
| Staðsetning ökutækis.<br>Fjarlægð frá loftinntaki að framhluta ökutækis. | ≥ 25,00 m | |
| Staðsetning ökutækis.<br>Fjarlægð frá loftúttaki að afturhluta ökutækis. | ≥ 100,00 m | |
| Strjálun hermisvæðis. Fjöldi reita. | ≥ 60 milljónir reita | Fínstilling möskva sem er notuð til skrá rétt viðeigandi svæði sem skipta máli varðandi loftnúningsviðnám. |

CFD-aðferðin skal uppfylla nákvæmni við útreikninga á $\Delta(C_D \times A)$ við fullgildingu hvers af sex samanburðartilvikunum að því er varðar viðmiðunarbilin eins og þau eru sýnd í töflu 3.

*Tafla 3*

**Viðmiðunarbil fyrir fullgildingarferli**

| Mengi hermunar | Geighorn – β [gráður] | | |
|---|---|---|---|
| | 0,0° | 3,0° | 6,0° |
| **TRF** | $-8{,}6\% < C_D < -1{,}6\%$ | $-9{,}0\% < C_D < -2{,}0\%$ | $-10{,}3\% < C_D < -3{,}3\%$ |
| **LSC** | $-8{,}8\% < C_D < -1{,}8\%$ | $-8{,}0\% < C_D < -1{,}0\%$ | $-8{,}1\% < C_D < -1{,}1\%$ |

Fullgildingarskýrslan skal endurspegla gildið $C_D \times A$ [m$^2$] fyrir allar níu CFD-hermanirnar, eins og sýnt er í töflu 4.

Fullgildingarskýrslan skal innihalda allt eftirfarandi:

— $(C_D \times A)$ [m$^2$] niðurstöður:

*Tafla 4*

**$(C_D \times A)$[m$^2$] niðurstöður**

| Mengi hermunar | Geighorn – β [gráður] | | |
|---|---|---|---|
| | 0,0° | 3,0° | 6,0° |
| **GRUNNMENGI** | | | |
| **TRF** | | | |
| **LSC** | | | |

— Ef um er ræða stöðugar aðferðir:

— óunnin gögn fyrir þróun $C_D$ (eða $C_D \times A$) á móti ítrun, á *.csv-sniði,

— meðaltal síðustu 400 ítrana.

— Ef um er að ræða svipular aðferðir:

— óunnin gögn fyrir þróun $C_D$ (eða $C_D \times A$) á móti tíma, á *.csv-sniði,

— meðaltal síðustu 5,0 sekúndna.

— Snið af XY-plani sem sker allt hermisvæðið:

— sem liggur í gegnum snúningspunkt hjóla á framási dráttartækis,

— sem sýnir umfang loftstraumshraða á kvarðanum 0–30 m/s og með litarönd sem er skipt niður í a.m.k. 18 litasvæði eins og sýnt er á mynd 3.

*Mynd 3*

**XY-plan sem liggur í gegnum snúningspunkt hjóla á framásnum**




— Snið af XY-plani sem sker allt hermisvæðið:

— sem liggur í gegnum hliðarspegla dráttartækis,

— sem sýnir loftstraumshraða á kvarðanum 0–30 m/s og með litarönd sem er skipt niður í a.m.k. 18 litasvæði eins og sýnt er á mynd 4.

*Mynd 4*

**XY-plan sem liggur í gegnum hliðarspegla dráttartækis**




— Snið af YZ-plani sem sker allt hermisvæðið:

— sem liggur í gegnum snúningspunkt hjóla á framási dráttartækis,

— sem sýnir loftstraumshraða á kvarðanum 0–30 m/s og með litarönd sem er skipt niður í a.m.k. 18 litasvæði eins og sýnt er á mynd 5.

*Mynd 5*

**YZ-plan sem liggur í gegnum snúningspunkt hjóla á framási**




— Snið af YZ-plani sem sker allt hermisvæðið:

  — sem liggur í gegnum miðju ökutækisins,

  — sem sýnir loftstraumshraða á kvarðanum 0–30 m/s og með litarönd sem er skipt niður í a.m.k. 18 litasvæði eins og sýnt er á mynd 6.

*Mynd 6*

**XZ-plan sem liggur í gegnum miðju ökutækisins**




XY-, YZ- og XZ-planið miðast við hnitakerfi sem tengist ökutækinu eins og sýnt er á mynd 7, þar sem

— X-ásinn er eftir endilöngu ökutækinu,

— Y-ásinn er þvert á ökutækið,

— Z-ásinn miðast við hæð ökutækisins.

*Mynd 7*

**Staðsetning hnitakerfisins með tilliti til ökutækisins**




3.3. **Vottun búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi**

Framleiðandi búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi skal nota almenna lögun ökutækis til að sýna fram á frammistöðu búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi sem er komið fyrir á eftirvagni eða festivagni. Í því skyni skal bæta þrívíðu líkani búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi við almenna lögun ökutækis á sama stað og því væri komið fyrir á raunverulegu ökutæki.

Framleiðandi búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi getur gert breytingar á almennu löguninni, með samþykki viðurkenningaryfirvaldsins, ef þær eru nauðsynlegar vegna réttrar uppsetningar eða réttrar virkni búnaðarins og ef þær breytingar endurspegla raunveruleikann á fullnægjandi hátt.

Beita skal fullgildu CFD-aðferðinni á breyttu lögunina, og $\Delta(C_D \times A)$-gildi fyrir fjögur geighorn skulu reiknuð út: $\beta$ = 0,0, 3,0, 6,0 og 9,0 gráður.

3.4. **Yfirlýsing um gildi fyrir minnkaða loftmótstöðu**

Tækniskýrslan skal endurspegla ávinning loftnúningsviðnámsins $\Delta(C_D \times A)$[%] fyrir öll fjögur geighornin, eins og sýnt er í töflu 5.

*Tafla 5*

**$\Delta(C_D \times A)$[%] fyrir hvert geighorn á breyttum eftirvagni/festivagni**

| $\Delta(C_D \times A)(\beta)$ [%] | Geighorn – $\beta$ [gráður] | | | |
|---|---|---|---|---|
| | 0,0° | 3,0° | 6,0° | 9,0° |
| **Breyttur eftirvagn/festivagn** | | | | |

reiknað í samræmi við eftirfarandi formúlu [2]:

$$\Delta(C_D \times A)(\beta) = \frac{C_D \times A(\beta)_{BASE} - C_D \times A(\beta)_{MOD}}{C_D \times A(\beta)_{BASE}} \times 100 \; [2]$$

þar sem:

$C_D \times A(\beta)_{Mod}$ er loftnúningsviðnám (í $m^2$) breyttu lögunarinnar sem er reiknað út með fullgildu CFD-aðferðinni fyrir β = 0,0, 3,0, 6,0 og 9,0 gráður.

$C_D \times A(\beta)_{BASE}$ er loftnúningsviðnám (í $m^2$) grunnmengisins sem er reiknað út með fullgildu CFD-aðferðinni fyrir β = 0,0, 3,0, 6,0 og 9,0 gráður.

______

*1. viðbætir*

SNIÐMÁT VOTTORÐS FYRIR ÍHLUT, AÐSKILDA TÆKNIEININGU EÐA KERFI

Hámarksstærð sniðmáts: A4 (210 × 297 mm)

**VOTTORÐ UM EIGINLEIKA SEM TENGJAST KOLTVÍSÝRINGSLOSUN OG ELDSNEYTISNOTKUN HÓPS BÚNAÐAR SEM DREGUR ÚR LOFTNÚNINGSVIÐNÁMI**

| | |
|---|---|
| Orðsending varðandi:<br>— veitingu (1)<br>— rýmkun (1)<br>— synjun (1)<br>— afturköllun (1) | Stimpill |

(1) Strika skal yfir það sem á ekki við.

vottorðs um eiginleika sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun hóps búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1362[1].

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1362

Vottunarnúmer:

Tæti:

Ástæða fyrir rýmkun:

*I. ÞÁTTUR*

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):

0.2. Gerð/hópur búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi (ef við á):

0.3. Eintak innan hóps búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi (ef um er að ræða hóp)

0.3.1. Stofnbúnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi

0.3.2. Gerð búnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi innan hóps

0.4. Gerðarauðkenni ef slíkt er á búnaði sem dregur úr loftnúningsviðnámi

0.4.1. Staðsetning auðkennisins:

0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:

0.6. Staðsetning og aðferð við að festa EB-gæðamerkið ef um er að ræða íhluti og aðskildar tæknieiningar:

0.7. Heiti og heimilisfang eða heimilisföng samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

0.9. Heiti og heimilisfang fulltrúa framleiðanda búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi (ef einhver).

(1) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1362 frá 1. ágúst 2022 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar frammistöðu þungra eftirvagna með tilliti til áhrifa þeirra á koltvísýringslosun, eldsneytisnotkun, orkunotkun og akstursdrægi vélknúinna ökutækja án losunar og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/683 (Stjtíð. ESB L 205, 5.8.2022, bls. 145).

*II. ÞÁTTUR*

1. Viðbótarupplýsingar (ef við á): sjá viðbót
2. Viðurkenningaryfirvald eða tækniþjónusta:
3. Dagsetning tækniskýrslu:
4. Númer tækniskýrslu:
5. Athugasemdir (ef þær eru einhverjar): sjá viðbót
6. Staður:
7. Dagsetning:
8. Undirskrift:

*Fylgiskjöl:*

1. Upplýsingasafn
2. Fullgildingarskýrsla
3. Tækniskýrsla
4. Skjöl um rétta uppsetningu búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi.

_____

*2. viðbætir*

**Upplýsingaeyðublað búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi**

Upplýsingaeyðublað nr.:

Útgáfa: 000

frá:

breyting:

Í tengslum við …

**Gerð eða hópur búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi (ef við á):**

0. ALMENNT

0.1. Nafn og heimilisfang framleiðanda búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi:

0.2. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi):

0.3. Undirtegund búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi:

0.4. Hópur búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi:

0.5. Ef búnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi er samsettur úr búnaði eða tækjum sem draga úr loftnúningsviðnámi eru helstu þættir búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi eftirfarandi:

0.6. Verslunarheiti (ef til er):

0.7. Auðkenning undirtegundar, ef slíkt er á búnaði sem dregur úr loftnúningsviðnámi:

0.8. Staðsetning og aðferð við að festa EB-gæðamerkið:

0.9. Heiti og heimilisfang eða heimilisföng samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

0.10. Heiti og heimilisfang fulltrúa framleiðanda búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi (ef einhver):

1. HLUTI

**GRUNDVALLAREINKENNI (STOFN)BÚNAÐAR SEM DREGUR ÚR LOFTNÚNINGSVIÐNÁMI OG GERÐA BÚNAÐAR SEM DREGUR ÚR LOFTNÚNINGSVIÐNÁMI INNAN HVERS HÓPS**

| | **Stofnbúnaður sem dregur úr loftnúnings-viðnámi** | **Eintak innan hóps** | | |
|---|---|---|---|---|
| | | | | |
| | | **#1** | **#2** | **#3** |
| | | | | |

1.0. SÉRTÆKAR UPPLÝSINGAR UM BÚNAÐ SEM DREGUR ÚR LOFTNÚNINGSVIÐNÁMI

1.1. Kóðar yfirhóps ökutækja samkvæmt ílagsgögnum, eins og sett er fram í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1362

1.2. Þættir varðandi búnað sem dregur úr loftnúningsviðnámi:

1.3. Teikning af búnaði sem dregur úr loftnúningsviðnámi:

1.4. Vinnsluháttur inndraganlegs eða samanfellanlegs búnaðar (ef við á)

1.5. Kerfislýsing

SKRÁ YFIR FYLGISKJÖL

| **Nr.:** | **Lýsing:** | **Útgáfudagur:** |
|---|---|---|
| **1** | **…** | |
| **2** | **…** | |

*3. viðbætir*

**Merkingar**

Ef um er að ræða búnað sem dregur úr loftnúningsviðnámi, sem er vottaður í samræmi við V. viðauka við framkvæmdar-reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1362, skal búnaðurinn eða tækið merkt með:

1.1. heiti eða vörumerki framleiðanda búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi,

1.2. tegund og auðkennandi gerð eins og skráð er í upplýsingunum sem um getur í liðum 0.2 og 0.3 í 2. viðbæti V. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1362,

1.3. gæðamerki sem felur í sér rétthyrning utan um lágstafinn „e“ en á eftir honum kemur auðkennisnúmer aðildarríkisins sem veitti vottorðið:

1 fyrir Þýskaland,

2 fyrir Frakkland,

3 fyrir Ítalíu,

4 fyrir Holland,

5 fyrir Svíþjóð,

6 fyrir Belgíu,

7 fyrir Ungverjaland,

8 fyrir Tékkland,

9 fyrir Spán,

12 fyrir Austurríki,

13 fyrir Lúxemborg,

17 fyrir Finnland,

18 fyrir Danmörku,

19 fyrir Rúmeníu,

20 fyrir Pólland,

21 fyrir Portúgal,

23 fyrir Grikkland,

24 fyrir Írland,

25 fyrir Króatíu,

26 fyrir Slóveníu,

27 fyrir Slóvakíu,

29 fyrir Eistland,

32 fyrir Lettland,

34 fyrir Búlgaríu,

36 fyrir Litháen,

49 fyrir Kýpur,

50 fyrir Möltu.

1.4. Gæðamerkið skal einnig, í nánd við rétthyrninginn, innihalda „grunnvottunarnúmerið“, eins og tilgreint er í 4. þætti gerðarviðurkenningarnúmersins sem sett er fram í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2020/683, og þar fyrir framan skulu vera tölustafirnir tveir sem gefa til kynna raðnúmer síðustu tæknibreytingar á þessari reglugerð og rittáknið „P“ sem sýnir að viðurkenningin var veitt fyrir loftmótstöðu.

Að því er varðar þessa reglugerð skal raðnúmerið vera 00.

1.5. Dæmi um og málsetningar gæðamerkisins




Gæðamerkið hér að framan, sem er fest á búnað sem dregur úr loftnúningsviðnámi, sýnir að viðkomandi gerð hefur verið vottuð í Ungverjalandi (e7) samkvæmt þessari reglugerð. Fyrstu tveir tölustafirnir (02) gefa til kynna raðnúmerið sem úthlutað er vegna síðustu tæknibreytingar á þessari reglugerð. Eftirfarandi bókstafur gefur til kynna að vottorðið var veitt fyrir búnað sem dregur úr loftnúningsviðnámi (P). Síðustu fimm tölustafirnir (00005) eru grunnvottunarnúmerið sem viðurkenningaryfirvald úthlutaði loftmótstöðu.

1.6. Merkingarnar, merkimiðarnir, plöturnar eða sjálflímandi miðarnir skulu endast eðlilegan endingartíma búnaðarins sem dregur úr loftnúningsviðnámi og vera auðlæsilegir og óafmáanlegir. Framleiðandinn skal tryggja að ekki sé hægt að fjarlægja merkingarnar, merkimiðana, plöturnar eða sjálflímandi miðana án þess að eyðileggja þá eða gera þá ólæsilega.

1.7. Gæðamerkið skal vera sýnilegt þegar búnaði sem dregur úr loftnúningsviðnámi hefur verið komið fyrir í ökutækinu og skal fest á hluta sem er nauðsynlegur fyrir eðlilega notkun og þarf að öllu jöfnu ekki að endurnýja á endingartíma íhlutarins.

1.8. Gæðamerkið skal einnig fest á framhluta eftirvagnsins ásamt skrá þar sem tilgreindir eru allir viðkomandi aðskildir hlutar búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi sem eru með gæðamerki. Framleiðandi búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi skal útvega framleiðanda ökutækis merkingar í formi merkimiða, platna eða sjálflímandi miða.

1.9. Ef óvottaður búnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi er notaður við koltvísýringsvottun eftirvagns skal framleiðandi ökutækis festa merkimiða, plötu eða sjálflímandi miða á framhlið ökutækisins þar sem tilgreint er heiti framleiðanda búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi og skrá yfir búnað sem dregur úr loftnúningsviðnámi sem er notaður við vottunina.

1.10. Merkingarnar, merkimiðarnir, plöturnar eða sjálflímandi miðarnir skulu endast eðlilegan endingartíma ökutækisins og vera auðlæsilegir og óafmáanlegir. Framleiðandi ökutækis skal tryggja að ekki sé hægt að fjarlægja merkimiðana, plöturnar eða sjálflímandi miðana án þess að eyðileggja þá eða gera þá ólæsilega.

2. Tölusetning

2.1. Vottunarnúmer fyrir loftmótstöðu skal vera samsett af eftirfarandi:

eX*YYYY/YYYY*ZZZZ/ZZZZ*P*00000*00

| 1. liður | 2. liður | 3. liður | Viðbótarbókstafur við 3. lið | 4. liður | 5. liður |
|---|---|---|---|---|---|
| Tilvísun til landsins sem gefur út vottunina | Kolefnisvottun þungra ökutækja fyrir eftirvagna/festivagna | Nýjasta breytingareglugerð (ZZZZ/ZZZZ) | P = loftmótstaða | Grunnvottunar-númer 00000 | Rýmkun 00 |

*4. viðbætir*

**Hóphugtak**

1. **Almennt**

Hópur búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi einkennist af hönnunarmæliþáttum og mæliþáttum frammistöðu. Þeir mæliþættir skulu vera sameiginlegir öllum eintökum innan hópsins. Framleiðandi búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi getur ákveðið hvaða búnaður tilheyri tilteknum hópi svo fremi að viðmiðanirnar, sem taldar eru upp í 4. lið þessa viðbætis, séu virtar. Viðurkenningaryfirvaldið skal samþykkja hóp búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi. Framleiðandi búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi skal veita viðurkenningaryfirvaldinu viðeigandi upplýsingar um eintök innan hópsins.

2. **Sérstök tilvik**

2.1. Í sumum tilvikum getur verið um milliverkun mæliþátta að ræða. Framleiðandi búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi skal tilgreina þau tilvik og taka mið af þeim til að tryggja að einungis búnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi með svipuð einkenni sé settur í sama hóp. Framleiðandi búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi skal tilkynna viðurkenningaryfirvaldinu um þessi tilvik svo unnt sé að nota þau sem viðmiðun við myndun nýs hóps búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi.

2.2. Framleiðandi skal auðkenna mæliþættina, sem eru ekki skráðir í 3. lið og hafa mikil áhrif á frammistöðu á grundvelli góðra, tæknilegra starfsvenja, og tilkynna viðurkenningaryfirvaldinu um þá mæliþætti.

3. **Mæliþættir sem skilgreina hóp búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi**

a) lögun og vinnsluháttur,

b) helstu málsetningar,

c) nothæfi fyrir aðra flokka/gerðir/hópa eftirvagna.

4. **Viðmiðanir um val á stofnbúnaði sem dregur úr loftnúningsviðnámi**

4.1. Framleiðandi búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi skal velja stofnbúnað sem dregur úr loftnúningsviðnámi úr hverjum hópi í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir:

a) að búnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi henti viðeigandi almennri lögun sem mælt er fyrir um í 4. viðbæti við þennan viðauka,

b) að öll eintök hópsins hafi gildi fyrir minnkaða loftmótstöðu sem er jafnt og eða hærra en $\Delta(C_D \times A)$ sem er gefið upp fyrir stofnbúnaðinn sem dregur úr loftnúningsviðnámi,

c) að umsækjandi um vottorð geti sýnt fram á, á grundvelli hermunar með tölvuvæddri straumfræði, niðurstaðna mælinga í vindgöngum eða góðra, tæknilegra starfsvenja, að valið á stofnbúnaði sem dregur úr loftnúningsviðnámi uppfylli viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í b-lið liðar 4.1.

Ákvæði c-liðar skulu gilda um öll afbrigði búnaðar sem draga úr loftnúningsviðnámi sem herma má eftir með því að nota tölvuvædda straumfræði, eins og lýst er í þessum viðauka.

_____

*5. viðbætir*

1. **Staðalgildi**

1.1. Ef búnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi er ekki vottaður í samræmi við aðferðina, sem um getur í 3. lið þessa viðauka, skal framleiðandi ökutækis nota staðalgildi. Til að nota staðalgildi við vottun ökutækis skal búnaðurinn sem dregur úr loftnúningsviðnámi uppfylla viðmiðanir fyrir lögunina sem er tilgreind í töflu 1–6.

1.2. Hermitólið úthlutar sjálfvirkt staðalgildum til minnkunar á loftnúningsviðnámi. Í þeim tilgangi skal framleiðandi ökutækis nota ílagsmæliþáttinn T022 sem er tilgreindur í töflu 1 í III. viðauka.

1.3. Ef um er að ræða DA-eftirvagna skal framleiðandi ökutækis eingöngu nota staðalgildi fyrir búnað sem dregur úr loftnúningsviðnámi ef á eftirvagninum er búnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi í eftirfarandi stöðluðum útfærslum:

a) stuttar hliðarhlífar,

b) langar hliðarhlífar,

c) stuttir afturflapar,

d) háir afturflapar,

e) stuttar hliðarhlífar og stuttir afturflapar,

f) stuttar hliðarhlífar og háir afturflapar,

g) langar hliðarhlífar og stuttir afturflapar,

h) langar hliðarhlífar og háir afturflapar.

1.4. Ef um er að ræða DB- eða DC-eftirvagna skal framleiðandi ökutækis eingöngu nota staðalgildi fyrir búnað sem dregur úr loftnúningsviðnámi ef á eftirvagninum er búnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi í eftirfarandi stöðluðum útfærslum:

a) stuttar hliðarhlífar,

b) stuttir afturflapar,

c) háir afturflapar,

d) stuttar hliðarhlífar og stuttir afturflapar,

e) stuttar hliðarhlífar og háir afturflapar.

1.5. Framleiðandi ökutækis skal ekki sameina staðalgildi og ílagsgögnin sem lögð voru fram fyrir vottaðan búnað sem dregur úr loftnúningsviðnámi.

2. **Viðmiðanir fyrir lögun**

2.1. Málsetningarnar, sem mælt er fyrir um í töflu 1, 2, 3, 4, 5 og 6, vísa til þeirra lágmarksviðmiðana sem búnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi skal uppfylla til að vera settur í viðeigandi flokk.

Til að koma í veg fyrir þýðingarmikið loftstreymi milli yfirbyggingar og afturflapa skal framleiðandi ökutækis festa afturflapa á yfirbygginguna þannig að bilið milli flapanna og yfirbyggingarinnar sé ekki meira en 4 mm í opinni stöðu.

*Tafla 1*

**Nákvæmar skilgreiningar á lögun langra hliðarhlífa fyrir DA-eftirvagna**

| Nákvæm skilgreining | Eining | Ytri mál (vikmörk) | Athugasemdir |
|---|---|---|---|
| Lengd | [mm] | (*) | (*) Nægir til að hylja svæðið frá stoðfæti að afturhluta |
| Hæð | [mm] | ≥ 760 | Ef um er að ræða rúmtaksmiðaða festivagna skal hæðin vera jöfn og eða meiri en 490 mm. |
| Radíus rúnnings (e. *fillet radius*) | [mm] | ≤ 100 | Eins og sýnt á mynd 6 |

*Tafla 2*

**Nákvæmar skilgreiningar á lögun stuttra hliðarhlífa fyrir DA-eftirvagna**

| Nákvæm skilgreining | Eining | Ytri mál (vikmörk) | Athugasemdir |
|---|---|---|---|
| Lengd | [mm] | (**) | (**) Nægir til að hylja svæðið frá stoðfæti að fyrsta hjóli |
| Hæð | [mm] | ≥ 760 | Ef um er að ræða rúmtaksmiðaða festivagna skal hæðin vera jöfn og eða meiri en 490 mm. |
| Radíus rúnnings | [mm] | ≤ 100 | Eins og sýnt á mynd 5 |

*Tafla 3*

**Nákvæmar skilgreiningar á stuttum afturflöpum**

| Nákvæm skilgreining | Eining | Ytri mál (vikmörk) | Athugasemdir |
|---|---|---|---|
| Horn mjókkunar (e. *tapering angle*) | [º] | 13 ± 2 | Fyrir topp- og hliðarplötur |
| Lengd | [mm] | ≥ 400 | |
| Hæð | [mm] | ≥ 2 000 | |
| Radíus rúnnings | [mm] | ≤ 200 | Eins og sýnt á mynd 1 |

*Tafla 4*

**Nákvæmar skilgreiningar á háum afturflöpum**

| Nákvæm skilgreining | Eining | Ytri mál (vikmörk) | Athugasemdir |
|---|---|---|---|
| Horn mjókkunar | [º] | 13 ± 2 | Fyrir topp- og hliðarplötur |
| Lengd | [mm] | ≥ 400 | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hæð | [mm] | ≥ 2 850 | Að öðrum kosti ef hæð plötu nær yfir heildar-hæð yfirbyggingar með ±3% vikmörkum af heildarhæð yfirbyggingarinnar getur búnaðurinn talist hár afturflapi. |
| Radíus rúnnings | [mm] | ≤ 200 | Eins og sýnt er á mynd 3 |

*Tafla 5*

**Nákvæmar skilgreiningar á lögun hliðarhlífa fyrir DB-eftirvagna**

| Nákvæm skilgreining | Eining | Ytri mál (vikmörk) | Athugasemdir |
|---|---|---|---|
| Lengd | [mm] | (***) | (***) Nægir til að hylja svæðið milli hjólanna |
| Hæð | [mm] | ≥ 860 | Ef um er að ræða rúmtaksmiðaða eftirvagna skal hæðin vera jöfn og eða meiri en 540 mm. |
| Radíus rúnnings | [mm] | ≤ 100 | Eins og sýnt á mynd 7 |

*Tafla 6*

**Nákvæmar skilgreiningar á lögun hliðarhlífa fyrir DC-eftirvagna**

| Nákvæm skilgreining | Eining | Ytri mál (vikmörk) | Athugasemdir |
|---|---|---|---|
| Lengd | [mm] | (****) | (****) Nægir til að hylja svæðið eftir endilöngu ökutækinu, að undanskildu hjólasvæðinu. |
| Hæð | [mm] | TPMLM-ásasamstæða ≤ 13,5 tonn: ≥ 680<br>TPMLM-ásasamstæða > 13,5 tonn: ≥ 860 | Ef um er að ræða rúmtaksmiðaða eftirvagna skal hæðin vera jöfn og eða meiri en 490 mm. |
| Radíus rúnnings | [mm] | ≤ 100 | Eins og sýnt á mynd 8 |

2.2. Teikningarnar á mynd 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7 og 8 sýna dæmi um búnað sem dregur úr loftnúningsviðnámi:

*Mynd 1*

**Stuttir afturflapar, séð frá hlið**




*Mynd 2*

**Stuttir afturflapar, séð ofan frá**




*Mynd 3*

**Háir afturflapar, séð frá hlið**




*Mynd 4*

**Háir afturflapar, séð ofan frá**



*Mynd 5*

**Stuttar hliðarhlífar fyrir DA-eftirvagna, séð frá hlið**




*Mynd 6*

**Langar hliðarhlífar fyrir DA-eftirvagna, séð frá hlið**




*Mynd 7*

**Stuttar hliðarhlífar fyrir DB-eftirvagna, séð frá hlið**



*Mynd 8*

**Stuttar hliðarhlífar fyrir DC-eftirvagna, séð frá hlið**




______

*6. viðbætir*

**Ílagsmæliþættir fyrir hermitólið**

1. **Inngangur**

Í þessum viðbæti er lýst skránni yfir mæliþætti sem framleiðandi búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi á að leggja fram sem ílag við hermitólið. Gildandi XML-gerðarlýsing ásamt dæmi um gögn eru aðgengileg í sérstaka rafræna dreifingarkerfinu.

2. **Skilgreiningar**

1) „Kennimerki mæliþáttar“: einkvæmt auðkenni eins og notað er í hermitóli fyrir sértækan ílagsmæliþátt eða mengi ílagsgagna,

2) „gerð“: gagnategund mæliþáttar:

| | |
|---|---|
| strengur | röð rittákna, kóðuð samkvæmt ISO8859-1 |
| tóki | röð rittákna, kóðuð samkvæmt ISO8859-1, án stafabils í upphafi/aftast |
| dagsetning | dag- og tímasetning (á alheimstímasniði) með sniðinu: ÁÁÁÁ-MM-DD***T***KK:MM:SS***Z*** með skáletruðum bókstöfum sem tákna föst rittákn t.d. „2002-05-30T09:30:10Z“ |
| heil tala | gildi með gagnategundinni „heil tala“, engin núll fremst, t.d. „1800“ |
| tvöfalt, X | brotatala með nákvæmlega X tölustafi eftir tugatáknið („.“) og engin núll fremst, t.d. fyrir „tvöfalt, 2“: „2 345,67“ fyrir „tvöfalt, 4“: „45,6780“, |

3) „eining“... efnisleg eining mæliþáttarins.

3. **Mengi ílagsmæliþátta**

*Tafla 1*

**Ílagsmæliþættir „Búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi“**

| Heiti mæliþáttar | Kennimerki mæliþáttar | Gerð | Eining | Lýsing/tilvísun |
|---|---|---|---|---|
| Framleiðandi | T028 | tóki | [-] | |
| Undirtegund | T029 | tóki | [-] | |
| Vottunarnúmer | T030 | tóki | [-] | |
| Dagsetning | T031 | dagsetning | [-] | Dagsetning og tími þegar íhlutartæti er búið til. |
| Vottuð minnkun á loftnúningsviðnámi | T032 | (tvöfalt, 2) x 4 | [%] | Hundraðshlutfall minnkunar á loftmótstöðu samanborið við staðlaða skipan loftnúnings-viðnáms fyrir geighornin 0°, 3°, 6° og 9° sem reikna á út í samræmi við lið 3.4 í V. viðauka. |
| Viðeigandi ökutækjayfirhópur | T033 | strengur | [-] | Ein færsla fyrir hvern ökutækjayfirhóp þar sem minnkun á loftnúningsviðnámi hefur verið vottuð |

Ef staðalgildi, í samræmi við 5. viðbæti, eru notuð í hermitólinu þarf ekki að leggja fram nein ílagsgögn fyrir íhlut búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi. Staðalgildum skal úthlutað sjálfvirkt miðað við ökutækjayfirhóp og tilhögun búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi.

______

*VI. VIÐAUKI*

**Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/683**

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi skýringum er bætt við:

„([175]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1362 ([2]).

([176]) Eins og skilgreint er í 6. lið I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1362.

([177]) Útbúið í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í I. hluta IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1362.

([178]) Útbúið í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í II. hluta IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1362.

([179]) Eins og tilgreint er í lið 3.1 í upplýsingaskrá viðskiptavinar sem er útbúin í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í II. hluta IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð 2022/1362.

([180]) Eins og tilgreint er í lið 3.4 í upplýsingaskrá viðskiptavinar sem er útbúin í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í II. hluta IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð 2022/1362.

([181]) Eins og tilgreint er í lið 1.2.5 í upplýsingaskrá viðskiptavinar sem er útbúin í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í II. hluta IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð 2022/1362.

([182]) Í samræmi við töflurnar sem settar eru fram í I viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1362.

---

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1362 frá 1. ágúst 2022 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar frammistöðu þungra eftirvagna með tilliti til áhrifa þeirra á koltvísýringslosun, eldsneytisnotkun, orkunotkun og akstursdrægi vélknúinna ökutækja án losunar og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/683 (Stjtíð. ESB L 205, 5.8.2022, bls. 145).“

b) Eftirfarandi liðum 3.5.11, 3.5.11.1 og 3.5.11.2 er bætt við:

„3.5.11. Mat vistvænleika (þungra eftirvagna, eins og tilgreint er í 3. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/1362 ([176]).

3.5.11.1. Leyfisnúmer hermitóls: …

3.5.11.2. Rúmtaksmiðuð þungaflutningabifreið: já/nei ([4]) ([176]).“

2) Í B-lið (flokki O) I. hluta II. viðauka er eftirfarandi liðum 3.5.11, 3.5.11.1 og 3.5.11.2 bætt við:

„3.5.11. Mat á vistvænleika (þungra eftirvagna, eins og tilgreint er í 3. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/1362.

3.5.11.1. Leyfisnúmer hermitóls: …

3.5.11.2. Rúmtaksmiðuð þungaflutningabifreið: já/nei ([4]) ([176]).“

3) Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 45.1 í flokki $O_3$/$O_4$ í 1. viðbæti við III. viðauka:

„**Vistvænleiki**

49.1. Dulkóðað tæti af skrá framleiðanda yfir skráningar: …([177])

49.4. Dulkóðað tæti af upplýsingaskrá viðskiptavinar: …([178])

49.6. Vegið gildi farmþunga … t ([179])

49.7. Ökutækjayfirhópur ...([182])

49.9. Rúmmál farms… $m^3$ ([181])

49.10. Rúmtaksmiðað: (já/nei) ([4]) ([176])

49.11. Nýtnihlutföll: …([180])

49.11.1. Nýtnihlutfall – miðað við kílómetra:…

49.11.2. Nýtnihlutfall – miðað við tonnkílómetra:…

49.11.3. Nýtnihlutfall – miðað við $m^3$-kílómetra:…“

4) Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 45.1 í ÖKUTÆKJAFLOKKUM $O_3$ og $O_4$ (fullbúin og fjölþrepa fullbúin ökutæki) í 1. og 2. HLUTA viðbætis við VIII. viðauka:

„**Vistvænleiki**

49.1. Dulkóðað tæti af skrá framleiðanda yfir skráningar: …([177])

49.4. Dulkóðað tæti af upplýsingaskrá viðskiptavinar: …([178])

49.6. Vegið gildi farmþunga … t ([179])

49.7. Ökutækjayfirhópur ...([182])

49.9. Rúmmál farms… $m^3$ ([181])

49.10. Rúmtaksmiðað: (já/nei) ([4]) ([176])

49.11. Nýtnihlutföll: …([180])

49.11.1. Nýtnihlutfall – miðað við kílómetra:…

49.11.2. Nýtnihlutfall – miðað við tonnkílómetra:…

49.11.3. Nýtnihlutfall – miðað við $m^3$-kílómetra:…“

__________